

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Borgarbyggð.

*Frístundabyggð í landi Urriðaár. Breyting á deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti breytingu á deiliskipulagi í landi Urriðaár frá árinu 2000, með síðari breytingum, á fundi sínum 11. ágúst 2022. Breytingin tekur til vegtengingar innan svæðis, breytingar á afmörkum skipulagssvæðisins ásamt lóðamörkum og byggingarreitum. Breyting á aðalskipulagi er gerð samhliða.

*Urriðaárland, Klettastígur og Birkistígur. Nýtt deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti nýtt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Urriðaár við Klettastíg og Birkistíg, á fundi sínum 11. ágúst 2022. Deiliskipulag þetta tekur til 9,9 ha svæðis og er með 15 frístundalóðum. Aðkoma frá Snæfellsnesvegi (64) um Brókarstíg og Klettastíg. Breyting á aðalskipulagi er gerð samhliða.

Tillögurnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

*Borgarbyggð, 15. september 2022.*

**Drífa Gústafsdóttir** skipulagsfulltrúi.